

Borgarráð

Viðauki vegna stofnframlaga

Lagt er til að borgarráð samþykki að Aðalsjóður leggi allt að 1.100 mkr í stofnframlög vegna uppbyggingar og kaupa á leiguíbúðum á árunum 2016 og 2017. Þar af eru áætlaðar um 225 mkr vegna kaupa á íbúðum á þessu og næsta ári en um 875 mkr vegna nýbyggingaverkefna. Áætlað er að um 95 mkr komi til útgreiðslu á árinu 2016. Þetta felur í sér að heildarstofnframlag 1.100 mkr er fært á stofnframlag í efnahag Aðalsjóðs, þar af koma um 95 mkr til útborgunar 2016 en 1.005 mkr til skuldar. Þar af er um 600 mkr til greiðslu á árinu 2017 mkr og um 405 mkr til greiðslu síðar.

Í gildandi fjárhagsáætlun Aðalsjóðs 2016 er gert ráð fyrir 256 mkr í stofnframlög vegna Félagsbústaða. Viðauki þessi felur þannig í sér eftirfarandi áhrif á sjóðsstreymi: Stofnframlög eru aukin um 844 mkr, langtímaskuldir aukast um 405 mkr og skammtímaskuldir aukast um 344 mkr en handbært fé lækkar um 95 mkr. Tillagan felur í sambærileg áhrif á efnahag og sjóðsstreymi A-hluta.

Greinargerð:

Fyrirliggjandi tillaga að viðauka er lögð fram til að tryggja fjármögnun á þeim verkefnum sem borgarráð samþykkir að veita stofnframlög til á þessu ári. Fyrir liggja umsóknir frá 4 aðilum um 9 verkefni sem matsnefnd borgarinnar um veitingu stofnframlaga er að rýna. Gert er ráð fyrir að tillaga um veitingu stofnframlaga verði lögð fyrir borgarráð til afgreiðslu eigi síðar en 24. nóvember nk. en Íbúðalánasjóður samþykkti 3. nóvember sl. að framlengja fresti sveitarfélaga og umsækjenda til 25. nóvember 2016. Tillagan um viðauka miðast við að nægjanlegt rými verði til að samþykkja umsóknir en ljóst er að stofnframlög Íbúðalánasjóðs eru miðuð við 1,5 milljarða á árinu 2016 og þannig geta stofnframlög sveitarfélaganna í heild varla náð hærri fjárhæð að öllu óbreyttu en 1 milljarði króna.

Stofnframlög borgarinnar miðast við að veita 12% stofnframlag af áætluðu heildarstofnvirði hvers verkefnis sem hlýtur samþykki borgarráðs. Almennt gildir um nýbyggingarverkefni að helmingur stofnframlags er greiddur þegar samþykki sveitarfélags og Íbúðalánasjóðs liggja fyrir og umsækjandi hefur skilað öllum tilskyldum gögnum og sýnt m.a. fram á fjármögnun verkefnisins. Síðari hlutinn er greiddur þegar íbúð er komin í útleigu. Stofnframlög vegna kaupa Félagsbústaða á íbúðum eru greidd þegar kaupsamningur liggur fyrir.

Dagur B. Eggertsson

